# Umbótaáætlun 2025 – 2026 í kjölfar innra mats skólaárið 2024 – 2025

| Umbótaliður | Markmið | Hvenær? | Hvernig mældur árangur? | Hverjir bera ábyrgð á framkvæmd? | Hvað á að gera? |
|---|---|---|---|---|---|
| **Skólanámskrá, Stefna, markmið, inntak, nám og námsmat.** | Að skólanámskrá sé skilmerkilega upp sett út frá kröfum Aðalnámskrá. Að hún sé aðgengileg á heimasíðu skólans og upplýsandi fyrir foreldra. | Unnið í að laga hana að hausti og yfirfarin að vori. | Foreldrar, starfsfólk. | Skólastjóri. | Yfirfara kafla um skólanámskrá bls. 65 í Aðalnámskrá. Gera greinamun og skil á skólanámskrá, starfsáætlun og kennsluáætlunum/ námsáætlunum skólans. Klára að yfirfara allar viðbragðsáætlanir og uppfæra þær. |
| **Nám og námsárangur.** | Að auka metnað og árangur allra í skólasamfélaginu. | Allt skólaárið. | Skólapúls, lesferill, kannanir og próf, samtöl við nemendur, foreldrasamtöl. | Kennarar, stjórnendur. | Efla gæði náms með aðferðum SÆG, skólaþróun innan frá – fara yfir verkferla og skipulag út frá viðmiðum leiðsagnarnáms með kennurum, samtöl um aukin gæði náms, höfum við eitthvað að segja fræðsla, endur- og símenntunaráætlun skólans. |
| **Nemendur, líðan, starfsandi og samstarf.** | Að nemendum líði vel í skólanum, telji sig geta leitað til einhvers fullorðins í skólanum, upplifi sig hafa áhrif á sitt eigið nám. | Allt skólaárið. | Samtöl, spurningarlistar, rýnihópur kennara og nemendaráðs. | Kennarar, stjórnendur. | Með markvissri vinnu í bættri menningu skóla út frá leiðandi þróunaráætlun Leiðsagnarnáms munum við vinna að því að bæta líðan nemenda í skólanum. Áætlunin leiðir okkur áfram í vinnu við að mynda traust á milli nemanda og kennara. Leggjum inn |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | aðferðir sem styrkja þrautseigju, efla áhugahvöt. Vinnum að því að leiðbeina með samskipti svo þau einkennist af lýðræði, samræðum, samvinnu og virðingu. Að námshættir stuðli að valdeflingu nemenda og ábyrgð. |
| **Viðmót og menning skóla.** | Að nemendur og foreldrar upplifi sig velkomin í skólann – finni fyrir metnaði og vilja til að auka gæði náms í skólanum. | Allt skólaárið. | | | |
| **Stjórnun.** | Bæta og efla upplýsingaflæði til foreldra og samstarfsfólks. Efla upplýsingaflæði um nám og kennslu, markmið og viðmið til að byggja upp faglegan metnað innan skólasamfélagsins. Efla foreldrasamstarf, | Allt skólaárið. | Skólapúls og spurningarlisti frá skóla í janúar. | Stjórnendur, skólastjóri. | Að bæta upplýsingaflæði á milli heimili og skóla varðandi nám og kennslu. Hver eru námslegu markmiðin í árgangi nemenda? Með markvissri vinnu í leiðsagnarnámi eflist færni okkar og viska við að gera og innleiða markmiðssetningu og vinnu í námi og kennslu. |
| **Leiðsagnarnám.** | Að festa í sessi aðferðir leiðsagnarnáms í skólanum og tryggja og fylgja eftir því vinnulagi. | Allt skólaárið. | Spurningalisti frá skóla varðandi upplifun og reynslu nemenda – einnig kennara. | Stjórnendur, kennarar. | Í nóvember - febrúar verður unnið með helstu markmið í þróun námsmenningar samkvæmt leiðsagnarnámi bls. 11. – 39 í skref fyrir skref Leiðsagnarnám.<br>Í febrúar + mars í öðrum kafla – að deila námsmarkmiðum og |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | árangursviðmiðum. Í mars+apríl lærum við og eflum okkur í árangursríkum samræðum til að stuðla að þvi að nemendur læri saman. Í mars+ apríl einbeitum við okkur að því leita sífelt eftir skilningi nemenda. Unnið verður út frá grunni að þróunaráætlun í Leiðsagnarnám – skref fyrir skref. |
| **Læsi** | Bæta og efla aðstöðu til læsis og viðhorf nemenda og foreldra til læsis. | Allt skólaárið. | Skólapúls, innra mat skólans, viðhorfskannanir. | Kennarar, bókasafnshópur, kennarar. | Höfum nemendur með í ráðum við kaup á nýjum bókum. Fáum höfunda í heimsókn. Glæðum bókasafnið lífi og lit – bækur sýnilegar í skólastofum og á bókasafni. Upplestur í sal, nemendur og kennarar. Vinna með texta úr bókum, tökum þátt í norrænu bókmenntavikunni, þemavinna og fl. |
| **Heillaspor** | Innleiðing á heillasporum með leiðsögn MMS hefst haust 2025 með fræðslu fyrir allt starfsfólk. Stjórnendur sátu þriggja daga námskeið varðandi innleiðingu á Heillasporum sem verður stýrt af MMS og skólaþj, | Allt skólaárið. | | Skólaþjónusta, stjórnendur, kennarar. | Vinnum með innleiðingu á Heillasporum út frá innleiðingarferli MMS og skólaþjónustu. Hugmyndafræði Heillaspora fer hönd í hönd með aðferðum Leiðsagnarnáms og fellur því vel að skólaþrónuninni sem fyrir er í skólanum. |